

Mál nr. 265/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar.**

Slys er bilun varð tvívegis í æfingatækjum hjá sjúkraþjálfara.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 24.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði hlotið meiðsl á hægri hné í vinnuslysi í júní 2005 og gekkst undir aðgerð á hnénu í júlí 2005. Í framhaldinu fór hann í sjúkraþjálfun hjá sjúkraþjálfaranum S. Þann 20. október 2005 var M í æfingartæki, nokkurs konar togvél, þar sem hann sat á bekk og togaði niður slá sem lóð voru fest í og toguðu þannig á móti. Hægt var að stilla þyngd lóðanna. Spotti sem festu lóðin við slána lá í gegnum trissur og var spottinn festur í slána með svokölluðum taumlás. Er M var í tækinu umrætt sinn brotnaði taumlásinn og við það skall M fram og tagnaði á mjöðm. Í kjölfarið var taumlásinn endurnýjaður. Er M var við æfingar í tækinu þann 10. nóvember sama árs gaf lásinn sig aftur og M fann til einkenna í mjöðm og baki. M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu S hjá Vátryggingafélaginu X.

Þann 4. apríl 2006 var lögregluskýrsla tekin af sjúkraþjálfara þeim sem hafði M til meðferðar vegna hnéáverkans. Þegar fyrra atvikið varð í æfingatækinu kvað sjúkraþjálfarinn að M hafði verið í mjög sérhæfðum æfingum í tækjasal vegna áverkans. M hafi síðan farið á eigin vegum í önnur æfingatæki sennilega til að æfa sjálfan sig, en þó án tilsagnar. Þá kveður sjúkraþjálfarinn að M hafi einnig komið í tækjasalinn utan þess tíma sem hann átti að vera í meðferð vegna hnjámeiðslanna. Um slíkt tilvik hafi verið að ræða, þegar síðara óhappið varð, og þá hafi hann verið að styrkja hendur og axlir.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem m.a. verða fyrir líkamstjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans, rétt til bóta samkvæmt lögunum. Er þannig skilyrði bótaskyldu að tjón hafi hlotist í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Eins og mál þetta liggur, og þá einkum með hliðsjón af framangreindri skýrslu sjúkraþjálfara, sem hafði M til meðferðar, þykir ekki vera sýnt nægilega fram á að líkamstjón, sem M hlaut við þau atvik er taumlásarnir brotnuðu í æfingatækinu, hafi orðið í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Af þeirri ástæðu telst tjón hans ekki bótaskyldt úr sjúklingatryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr sjúklingatryggingu S hjá X.

Reykjavík, 27. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.